

# Guðm. G. Bárðarson

og jarðfræði Íslands.

Guðmundur Bárðarson en í tölu þeirra náttúrufræðinga sem eg hefi mesta aðdáun á, og er þar margt að telja. En þó ætla eg hér aðeins að nefna rannsóknir hans á Tjörnesi. Þegar eg fór að rannsaka Tjörnes, sá eg m. a., að um margfalt merkilegri og stórkostlegri jarðmyndun er að ræða, þar sem skeljalögin eru, en menn höfðu vitað áður. Að rannsaka þessi lög svo sem þurfti, var fyrir mig óviðráðanlegt verkefni; mig skorti svo mjög hina nauðsynlegu skeljaþekkingu, og eg hafði önnur verkefni, sem lágu mér nær, og eg gat ekki varpað frá mér til að sinna þessu. Hafði eg þó mikinn hug á að fá þessi lög rannsökuð nákvæmlega, og gerði nokkrar tilraunir til að vekja áhuga á þeirri rannsókn, á Englandi og Þýskalandi; bjóst eg síður við að nokkur maður í Danmörku, Norgei eða Svíþjóð, yrði til að taka það verk upp, því að í þeim löndum vantar tilsvarendi jarðmyndun; og á Íslandi vissi eg ekki þess manns von, sem gæti tekið þessa vandasömu rannsókn að sér. En viti menn, það varð þó Íslendingur

ur sem verkið vann, og meira að segja, bóndi norðan úr Strandasýslu, maður sem hafði ekki einu sinni tekið stúdentspróf, hvað þá, að hann væri kandiðat í náttúrufræði. Og svo snildarlega hefir Guðmundur Bárðarson þetta verk af hendi leyst, að hann hefði átt skilið að verða heiðursdoktor fyrir. Er það ekki ofmælt, að þar er um stórvirki að ræða. Veit eg að Guðmundi er mikill hugur á að halda þessum rannsóknnum sínum áfram og þætti varla önnur afmælisósk betri en sú, að honum auðnaðist að láta eftir sig mikla bók um þennan landshluta, sem er svo stórmerkilegur frá visindalegu sjónarmiði. Væri þess þó þórt, ef það á að geta orlof kenslustörfum yrði létt af honum svo að hann gæti gefið sig við rannsóknnum sínum. Náttúrufræði Íslands má ekki missa hálls eða meir, af eins fráskarandi rannsóknara og Guðmundur Bárðarson er, en til meira vera yngri menn, vel færir um taka við kenslustörfunum.

9. jan.

Helgi Pjetur

Vísu 10 jan. 1930